

Yfirskrift	Stjórnarfundur FFR				
Stjórnarfundur nr. 03 2018	3	Dagsetning	17. apríl 2018	Tími	12:00 – 13:40
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	JÁJ				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, ISS, ÁG, GM, MH, KLÁ, (EB) og JÁJ.				
Fylgiskjöl	Drög að verklagsreglum kjörstjórnar				
Vistun gagna	JÁJ				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 17. apríl 2018

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (6. mars 2018)

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt.

2. Verklagsreglur kjörnefndar

Á fund stjórnar mættu Herdís Sveinsdóttir og Hrafnkell V. Gíslason, sem kjörin voru í kjörnefnd FFR á framhaldsaðalfundi FFR þann 16. febrúar 2018, og kynntu og fóru yfir drög að verklagsreglum kjörnefndar. Farið var yfir tímalínu vegna aðalfundar sem halda þarf fyrir lok maí 2018 og framkvæmd kosninga á aðalfundi rædd. Þrír af núverandi stjórnarmönnum munu sitja áfram í stjórn FFR, sbr. 6. gr. laga FFR. Tímalína samþykkt. Samþykkt var að kjörnefnd klári drög að verklagsreglum og í framhaldinu mun stjórn FFR boða til félagsfundar. Kjörnefnd fór af fundi stjórnar klukkan 13:15.

3. KMR

BK reifaði hvað búið er að gerast hjá KMR og hvernig sú vinna hefur verið. KMR hefur nú fundað með öllum fagráðuneytum og hefur hug á því að breyta matstöflu til samræmis við framkomnar athugasemdir ráðuneytanna. Starfsmaður félagsins mun sækja 2 fundi með KMR ásamt Guðrúnu Ragnarsdóttur hjá Strategíu á næstu 2 vikum þar sem farið verður yfir þessar athugasemdir, ásamt fleiru. HÓS fór yfir línurit sem sýnir launaþróun forstöðumanna í samanburði við laun annarra í þjóðfélaginu. Samþykkt að FFR sendi bréf til KMR og óski eftir almennti launahækkun til handa forstöðumönnum ríkisstofnana.